

Ed.

362. Frumvarp til laga

[131. mál]

um breyting á jarðræktarlögum nr. 45 17. maí 1950, sbr. lög nr. 29 9. maí 1955 og lög nr. 23 12. maí 1960.

(Eftir 3. umr. í Nd., 10. marz.)

1. gr.

11. gr. laganna breytist þannig:

a. Á eftir c-lið II. liðar komi nýr liður, svo hljóðandi:

Plógræsi kr. 0.20 pr. m.

b. III. liður orðist svo:

Framræsla vegna túna-, akra-, engja- og hagaræktar (vélgrafnir skurðir):

65% rekstrarkostnaðar við gróft skurðanna, en hann telst þessi:

Leiga greidd vélasjóði eða öðrum aðila, viðgerðarkostnaður, sem ekki er innifalinn í leigunni, vírar, hlerar og oliur og mannahald, eftir því sem er ákveðið eða samþykkt af stjórn Búnaðarfélags Íslands.

Ákvæðisvinna skal viðhöfð við skurðgröft, þar sem því verður við komið. Ríkisframlög á vélgröfuskurði, sem ræktunarsambönd og búnaðarfélög og einstaklingar láta grafa með eigin vélum eða leiguvélum, greiðast ekki á hærri kostnað en þann, sem Búnaðarfélag Íslands telur eðlilegan á viðkomandi ræktunarsvæði, enda leiti það upplýsinga um raunverulegan kostnað hjá Landnámi ríkisins og Vélasjóði.

2. gr.

VII. liður laganna orðist svo:

Heyhlöður:

- | | |
|---|-----------------------------|
| a. Þurrheyshlöður, steiptar með járnþaki eða þaki úr öðru efni jafngóðu | kr. 1.00 pr. m ³ |
| b. Þurrheyshlöður á steiptum grunni úr timbri, asbesti, jární eða öðru jafngildu efni | — 0.75 — — |
| c. Votheyshlöður, steiptar með þaki úr varanlegu efni | — 5.50 — — |
| d. Garðávaxtageymslur, steiptar með þaki úr varanlegu efni .. | — 5.50 — — |
| e. Súgþurrkunarkerfi í þurrheyshlöður, miðað við gólfhlöt | — 12.00 — m ² |
| f. Súgþurrkunarkerfi með fasttengdum blásara | — 18.00 — — |

3. gr.

2. mgr. ákvæða til bráðabirgða sbr. 6. gr. laga nr. 29/1955, 2. gr. laga nr. 23/1960 og 2. gr. laga nr. 10/1963 orðist svo:

Til ársloka 1972 skulu þau býli, er hafa minna en 25 ha tún, njóta 450 króna framlags á ha til jarðræktar (þar á meðal vegna kalskemmda) og 3 kr. á hvern m³ í handgröfnum skurðum, ef ekki þykir að dómi Búnaðarfélags Íslands fært að fá skurðgröfu til að vinna verkið, hvort tveggja að viðbættri verðlagsuppbót.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og taka til þeirra framkvæmda, er gerðar voru á árinu 1963.